

KAMMERTÓNLEIKAR

á Kirkjubæjarklaustri 8.-10. ágúst 2008

The Kirkjubæjarklaustur Chamber Music Festival

18. hátíð

Ágúst Ólafsson, barítón/baritone



Ástríður Alda Sigurðardóttir, píanó/piano



Eyjólfur Eyjólfsson, tenór/tenor

Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðla/violin



Trio Nordica:

Auður Hafsteinsdóttir, fiðla/violin

Bryndís Halla Gyfjadóttir, selló/cello

Mona Kontra, píanó/piano



Listrænn stjórnandi / Artistic Director:

Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir

Félagsheimilinu Kirkjuhvoli/The Kirkjuhvoll Community Center

Föstudaginn/Friday 8.8. kl./at 21:00

Laugardaginn/Saturday 9.8. kl./at 17:00

Sunnudaginn/Sunday 10.8. kl.at 15:00

Tónleikarnir eru styrktir af Menntamálaráðuneytinu, Hótel Kirkjubæjarklaustri, Skaftárhreppi og Minningarsjóði Margrétar Björgólfssdóttur.

MINNINGARSJÓÐUR
MARGRÉTAR BJÖRGÓLFSSDÓTTUR



IH
ICELANDAIRHOTELS
KVAÐER





Föstudagur 8. ágúst kl. 21:00

Antonín Dvořák
(1841-1904)

Píanótrío í e-moll op. 90 "Dumky"

I Lento maestoso - allegro quasi doppio

II Poco adagio - vivace non troppo

III Andante - vivace non troppo

IV Andante moderato - allegretto scherzando

V Allegro

VI Lento maestoso - vivace

Trio Nordica

- Hlé -

Robert Schumann
(1810-1856)

Dichterliebe op. 48 (Heinrich Heine)

-Im wunderschönen Monat Mai

-Aus meinen Tränen sprießen

-Die Rose, die Lilie, die Taube, die Sonne

-Wenn ich in deine Augen seh'

-Ich will meine Seele tauchen

-Im Rhein, im heiligen Strome

-Ich grolle nicht

-Und wüßten's die Blumen

-Das ist ein Flöten und Geigen

-Hör' ich das Liedchen klingen

-Ein Jüngling liebt ein Mädchen

-Am leuchtenden Sommermorgen

-Ich hab' im Traum geweinet

-Allnächtlich im Traume seh' ich Dich

-Aus alten Märchen winkt es

-Die alten, bösen Lieder

Eyjólfur Eyjólfsson, tenór

Ástríður Alda Sigurðardóttir, píanó

Laugardagur 9. ágúst kl. 17:00

Ralph Vaughan Williams
(1872-1958)

Songs of Travel (Robert Louis Stevenson)

- The Vagabond
- Let Beauty awake
- The Roadside Fire
- Youth and Love
- In Dreams
- The infinite shining heavens
- Whither Must I Wander?
- Bright is the ring of words
- I have trod the upward and the downward slope

Ágúst Ólafsson, baritón

Ástríður Alda Sigurðardóttir, píanó

- Hlé -

Astor Piazzolla
(1921-1992)

Oblivi3n
Libertango
Escualo

Trio Nordica

Olivier Messiaen
(1908-1992)

Theme and Variations

Camille Saint-Saëns
(1835-1921)

Introduction og Rondo Capriccioso í a-moll, op. 28

Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðla

Ástríður Alda Sigurðardóttir, píanó

Sunnudagur 10. ágúst kl. 15:00

Eugène Ysaÿe
(1858-1931)

Sónata nr. 3 í d-moll: Ballade

Sigrún Eðvaldsdóttir, fiðla

Wolfgang Amadeus Mozart
(1756-1791)

Dies Bildnis ist bezaubernd schön
(úr Töfraflautunni)

Il mio tesoro (úr Don Giovanni)

Gaetano Donizetti
(1797-1848)

-Una furtiva lagrima (úr Ástardrykknum)

Eyjólfur Eyjólfsson, tenór

Ástríður Alda Sigurðardóttir, píanó

Wolfgang Amadeus Mozart

Deh vieni alla finestra (úr Don Giovanni)

Vincenzo Bellini
(1801-1835)

Ah! Per sempre io ti perdei (úr I Puritani)

Charles Gounod
(1818-1893)

Avant de quitter ces lieux (úr Faust)

Ágúst Ólafsson, baritón

Ástríður Alda Sigurðardóttir, píanó

Ruggero Leoncavallo
(1857-1919)

O Colombina (úr Pagliacci)

Eyjólfur Eyjólfsson, tenór

Ástríður Alda Sigurðardóttir, píanó

Richard Wagner
(1813-1883)

O du mein holder Abendstern (úr Tannhäuser)

Ágúst Ólafsson, baritón

Ástríður Alda Sigurðardóttir, píanó

- Hlé -

Dmitri Shostakovich
(1906-1975)

Píanótrío nr. 2, op. 67

I Andante - moderato - poco più mosso

II Allegro con brio

III Largo

IV Allegretto - adagio

Trio Nordica



ÁGÚST ÓLAFSSON stundaði nám við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar hjá Eiði Á. Gunnarssyni og síðan við Sibelíusar Akadémíuna hjá Jorma Hynninen og Sauli Tiilikainen. Ágúst hefur sótt fjölda námskeiða hjá frægum listamönnum á sviði ljóðasöngs m.a. Dietrich Fischer-Dieskau. Ágúst tók þátt í tvennum meistarakúrsum Elísabetar Schwarzkopf, sem voru sendir út í sjónvarpi í Þýskalandi, og sótti um tíma reglulega einkatíma hjá henni. Árið 2004 hlaut

Ágúst ásamt Izumi Kawakatsu (píanó) önnur verðlaun í Ljóðasöngskeppni Hugo Wolf Akademiunnar. Á meðan á námi hans stóð söng Ágúst eftirfarandi hlutverk Don Giovanni (Mozart), Greifann (Brúðkaup Fígarós/Mozart), Posa (Don Carlos/Verdi) og Atla (Fjórði söngur Guðrúnar/Haukur Tómasson). Ágúst hefur sungið á ljóðasöngstónleikum víða m.a. í Philharmonie salnum (Berlín), Wigmore Hall (London) og í tónleikaröðinni Oktoberlied í Vantaa og Hugo Wolf Akademiú tónleikaröðinni í Stuttgart.

Haustið 2004 debúteraði Ágúst í Íslensku Óperunni í titilhlutverkinu í Sweeney Todd, en hann er nú fastráðinn einsöngvari við þá stofnun. Nýlega söng hann þar hlutverk Nick Shadow í Flagaranum í Framsókn og Harlekin í Ariadne auf Naxos. Ágúst var tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2007 sem flytjandi ársins í sígildri og samtímatónlist.



ÁSTRÍÐUR ALDA SIGURÐARDÓTTIR er fædd í Reykjavík árið 1980. Hún hóf nám í píanóleik 6 ára gömul hjá móður sinni, Guðrúnu Guðmundsdóttur. Vorið 1999 lauk hún einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Önnu Þorgrímsdóttur. Á árunum 2000 til 2003 stundaði hún nám hjá Reiko Neriki við Indiana University – Jacobs School of Music í Bloomington þar sem hún lauk Artist Diploma.

Ástríður hefur sótt fjölmörg námskeið og einkatíma í píanóleik og kammertónlist hjá listamönnum á borð við Geörgy Sebök, Ludwig Hoffmann, Janos Starker, Jürgen Schröder og Olaf Dressler. Til námsins hefur hún tvívegis fengið styrk úr minningarsjóði Birgis Einarssonar. Ástríður hefur komið víða fram á tónleikum, ýmist sem einleikari eða með öðrum tónlistarmönnum.

Hún hefur leikið einleik með Jugendsinfonieorchester í Elbe-Weser, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Sinfóníuhljómsveit áhugamanna. Þá hefur hún komið fram á Listahátíð í Reykjavík, TÍBRÁ, Kristalnum; kammertónleikaröð Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Ljósanótt í Reykjanesbæ, Berjadögum á Ólafsfirði og Björtum dögum í Hafnarfirði.



EYJÓLFUR EYJÓLFSSON lauk burtfararprófi í flautuleik og söng frá Tónlistarskóla Hafnarfjarðar vorið 2002. Hann lauk meistaraþráðu (MMus) og Postgraduate Diploma frá Guildhall School of Music and Drama í London eftir þriggja ára framhaldsnám.

Eyjólfur hefur sungið með nafntoguðum hljómsveitum og píanóleikurum hér heima og erlendis, t.d. Sinfóníuhljómsveit Íslands og Konunglegu sinfóníuhljómsveitinni í Sevilla þar sem hann söng tenórhlutverkið í óratoríunni Messías eftir Händel í Maestranza óperuhúsinu. Þá flutti hann ljóðaflokkinn Malarastúlkuna fögru eftir Schubert á tónlistarhátínni Islande-Provence í Esparron de Verdon ásamt píanóleikaranum Dalton Baldwin og ljóðatónleika í Tónleikasal Gnessin Tónlistarakademiunnar í Moskvu þar sem Eugene Asti var meðleikari hans.

Fyrsta sviðsreynsla Eyjólfur var sem hundurinn Spakur í söngleiknum Kolrassa eftir dr. Þórunni Guðmundsdóttur og fáeinum árum síðar þreytti hann frumraun sína á fjöllum Íslensku óperunnar sem Skáldið í Skuggaleik Karólínu Eiríksdóttur og Sjóns. Á óperusviðum erlendis hefur hann sungið Sjómanninn í Dídó og Eneas hjá Opera North í Leeds, Liberto í Krýningu Poppeu hjá English National Opera í Lundúnum og Don Ottavio í Don Diiovanni hjá English Touring Opera.



SIGRÚN EÐVALDSDÓTTIR hóf fiðlunám 5 ára gömul hjá Gígju Jóhannsdóttur í Barnamúsíkskólanum í Reykjavík. Hún lauk einleikarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1984 hjá Guðnýju Guðmundsdóttur og bachelor-gráðu frá Curtis-tónlistarháskólanum í Fíladelphíu árið 1988 þar sem hún lærði hjá Jaime Laredo og Jascha Brodsky. Samhliða námi þessu sótti hún einkatíma hjá hjónunum Almitu og Roland Vamos.

Sigrún hefur tekið þátt í fjölda alþjóðlegra fiðlukeppna og m.a. unnið 2. verðlaun í Leopold Mozart-keppninni árið 1987, bronsverðlaun í Síbélíusar-keppninni árið 1990 og 2. verðlaun í Carl Flesch-keppninni árið 1992. Það sama ár hlaut hún bjartsýnisverðlaun Brøste.

Hún var 1. fiðluleikari í Miami-strengjakvartettinum á árunum 1988-1990. Hún hefur komið víða fram sem einleikari og í kammertónlist, m.a. á Marlboro tónlistarhátíðinni í Vermont í Bandaríkjunum, L'emperi tónlistarhátíðinni í Aix-en-Provence og Sangat tónlistarhátíðinni í Bombay á Indlandi. Hún hefur komið fram sem einleikari á tónleikum í Weill Recital Hall í New York og Wigmore Hall í London. Árið 2005 flutti hún allar sönötur Beethovens fyrir fiðlu og píanó á Listahátíð í Reykjavík. Sigrún hefur yndi af að leika nýja tónlist og hafa

nokkur tónskáld samið sérstaklega fyrir hana verk og tileinkað henni. Hennar er getið sem eins af áhugaverðustu fiðluleikurum framtíðarinnar í bók Henry Roth: Violin Virtuosos from Paganini to the 21st Century sem kom út árið 1997 og einnig í tónlistartímaritinu Le Monde de la Musique árið 1998. Það ár var Sigrún sæmd riddarakrossi hinnar íslensku fálkaorðu fyrir störf sín á sviði tónlistar.

Hún hefur leikið inn á hljómdiska fyrir ÍTM, Steinar og Chandos. Sigrún hefur gegnt stöðu 1. konsertmeistara Sinfóníuhljómsveitar Íslands frá árinu 1998 og hefur margoft komið fram sem einleikari með hljómsveitinni, síðast í fiðlukonserti Áskels Mássonar vorið 2006.



TRIO NORDICA var stofnað árið 1993 af Auði Hafsteinsdóttur fiðluleikara, Bryndísi Höllu Gylfadóttur sellóleikara og Monu Kontra píanóleikara. Tríóið hefur komið fram á Íslandi, Svíþjóð, Danmörku, Frakklandi, Ítalíu, Þýskalandi, Bandaríkjunum og Kanada við ýmis tækifæri, svo sem á tónleikaferðum og menningarviðburðum. Tríóið hefur margsinnis komið fram í útvarpi og sjónvarpi.

Allir meðlimir tríósins hafa unnið til margvíslegra verðlauna fyrir list sína, gert upptökur fyrir ýmis útgáfufyrirtæki, svo sem Japic, King Records, Bis og Naxos. Allar koma þær reglulega fram sem þátttakendur á kammertónleikum og sem einleikarar í heimalöndum sínum og erlendis.

Árið 1994 hlaut tríóið Menningarverðlaun VISA. Efnisskrá Trio Nordica spannar vítt svið. Auk þess að leika helstu verk fyrir píanótrío, leggja þær áherslu á fluting tónverka sem samin eru af konum, norræn verk og nútímaverk, sem sum hver hafa verið samin sérstaklega fyrir tríóið.

AUÐUR HAFSTEINSDÓTTIR, fiðluleikari, er fædd á Íslandi. Hún stundaði nám við New England Conservatory í Boston hjá Dorothy Delay. Síðar hlaut hún meistaraþráðu undir handleiðslu Almitu og Roland Vamos. Hún hefur margsinnis komið fram sem einleikari og þátttakandi á kammertónleikum í Evrópu, Bandaríkjunum, Japan og Kína. Auður hefur hlotið margar viðurkenningar fyrir leik sinn í kammertónlist og sem einleikari. Auður hefur oft leikið inn á geisladiska en auk þess kemur hún reglulega fram í útvarpi og sjónvarpi.

BRYNDÍS HALLA GYLFADÓTTIR, sellóleikari, er fædd á Íslandi. Hún stundaði nám við New England Conservatory í Boston og hlaut meistaragráðu sína þar. Hún hefur oft komið fram sem einleikari og þátttakandi á kammertónleikum í Evrópu, Bandaríkjunum, Kanada og Japan. Bryndís hefur hlotið fjölda viðurkenninga og verðlauna fyrir leik sinn, bæði sem einleikari og kammerspilari. Hún hefur leikið inn á fjölda geisladiska auk þess hefur hún tekið upp fyrir sjónvarp og útvarp.

MONA KONTRA, píanóleikari, er fædd í Svíþjóð. Hún kom fyrst fram sem einleikari á tónleikum með Sinfóníuhljómsveitinni í Norrköping, þegar hún var tólf ára gömul. Síðan þá hefur hún reglulega komið fram á tónleikum sem einleikari og kammerspilari víðs vegar í Evrópu. Árið 1987 brautskráðist hún frá Sibeliusarakademiunni í Helsinki, með hæstu einkunn. Mona er sem stendur meðlimur í Nordic Chamber Ensemble. Hún hefur komið fram á ýmsum geisladiskum en auk þess verið einleikari með mörgum helstu hljómsveitum Svíþjóðar.

Styrktaraðilar

Kammertónleika á Kirkjubæjarklaustri

2008

Menntamálaráðuneytið

Minningarsjóður Margrétar Björgólfsdóttur

Pingvallaleið s: 511-2600

Hótel Laki Efri-Vík s: 487-4694

Hótel Klaustur s: 487-4900

Ferðapjónusta bænda Geirlandi s: 487-4677

Ferðapjónusta bænda Hunkubökkum s: 487-4681

Systrakaffi s: 487-4848

Kirkjubæjarstofa fræðslu og menningarsetur
Sýningarsalur opinn 14- 18 alla daga nema mánudaga

Dalsgerði gróðrarstöð s: 566-7490

Skaftárhreppur





Menningarmálanefnd Skaffárhrepps